

N-lax ehf.
Laxamýri
641 Húsavík

Reykjavík, 4.2.2025
UST202402-094/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 11.11.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávikanna er fram komu í eftirliti þann 8.10.2024.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa skv. þeim. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.
- Gr. 3.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. Áætlunin er ekki til staðar.

Rekstraraðili sendi stofnuninni bæði umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs 30. janúar 2025. Umhverfis- og orkustofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Farið verður yfir úrbætur og aðstæður skoðaðar í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur